

## Ársfundur Háskólans á Akureyri, 24. maí 2012 fundargerð

Stefán B. Sigurðsson, rektor HA setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Agnes Blöndal verkefnastjóri í lagadeild, hug- og félagsvísindasviði, yrði fundarstjóri, og að Hjalti Jóhannesson, forstöðumaður RHA ritaði fundargerð. Var fundurinn haldinn í stofu M-102 á Sólborg og hófst kl. 14.00. Var fundurinn skipulagður sem opinn fundur. Agnes kannaði lögæti fundar og var hann rétt boðaður.

### 1. Stefán B. Sigurðsson rektor: Staða og starfsemi háskólans árið 2011

Fram kom m.a. í ræðu rektors að á þessu 25. rekstrarári skólans sé viðhöfð sú nýbreytni að halda ársfund í maímánuði. Ársskýrsla skólans er birt rafrænt sem er í annað sinn sem slíkt er gert og var hún komin á vef skólans fyrir fundinn.

Í máli rektors kom fram að fjöldi ársnemenda hafi aukist árið 2011 en lagði rektor áherslu á að gæðin væru mikilvægari og að takmarkið væri að sem flestir af þeim sem innritast skili sér í gegnum námið og nái að útskrifast. Ræddi rektor um sérstöðu háskólans sem hann taldi að fælist helst í sjávarútvegsfræðum, líftækni, iðjuþjálfun, fjölmiðlafræði og norðurslóðafræðum með Polar Law í broddi fylkingar. Þá nefndi hann einnig að nútímafræði væri sérstaða skólans sem þyrfti að gefa meiri gaum. Skólaárið 2011-2012 stunduðu 732 nemendur um allt land fjarnám við skólann á öllum fræðasviðum hans. Fjarnámsstaðir voru 24 og samstarf við ýmsa aðila um land allt um notkun þeirra. Stöðug aukning er í framhaldsnámi á meistarastigi. RES-Orkuskóli hætti starfsemi í upphafi ársins og tók háskólinn að sér að halda utan um námslok nemendahópsins. Rannsóknvirkni starfsfólks háskólans hefur haldist há þrátt fyrir samdrátt í rekstri og voru birtar 27 ISI greinar á árinu. Ráðstefnuaðstaða hefur batnað til muna við tilkomu nýbyggingarinnar sem tekin var í notkun 2010, m.a. var haldin þar yfir 400 manna ráðstefna á vegum IASSA sumarið 2011. Skiptinemar voru 63 frá 16 löndum á námsárinu. Tuttugu og fimm nemendur frá HA fóru til 11 landa sem skiptinemar. Þrettán starfsmenn fóru í starfsmannaskipti til annarra landa og tekið var á móti 11 erlendum starfsmönnum. Á árinu var birt jákvæð skýrsla um úttekt á lögfræðinámi í HA og í árslok hlaut skólinn svokallaða Diploma Supplement viðurkenningu.

### 2. Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri: Rekstur háskólans árið 2011

Árið 2011 einkenndist af samdrætti sem var á bilinu 3-4% milli ára og er orðinn samtals um 25% frá árinu árinu 2008. Rekstur var samt í jafnvægi og rekstrarafgangur varð 14,2 milljónir 2011. Frá og með árinu 2007 hefur háskólinn skilað rekstrarafgangi og uppsafnaður rekstrarhalli fyrri ára lækkað sem því nemur. Rekstrartekjur voru samtals 1.682,7 mkr., þar af framlög ríkisins 1.312,5 mkr. Rekstrargjöld voru 1.668,1 mkr. og rekstrarafgangur því 14,2 mkr. Uppsafnaður rekstrarhalli í lok árs var 35,9 mkr. Lagði framkvæmdastjóri áherslu á að rekstur háskólans yrði áfram haldið innan fjárheimilda, þar sem það er mikilvæg forsenda þess að háskólinn viðhaldi þeim trúverðugleika sem hefur áunnist.

### **3. Undirritun samnings Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri um þjónustu við leik- og grunnskóla, rannsóknir og úttektir**

Birna María Svanbjörnsdóttir forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar við HA gerði grein fyrir samningi milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri um sérfræðiráðgjöf, rannsóknir og menntun á sviði leik- og grunnskóla. Er um að ræða endurnýjun á fyrri samningi frá árinu 1999 og eru breytingar m.a. vegna breytinga innan HA og breytinga á skólastefnu Akureyrarbæjar. Sér miðstöð skólaþróunar um framkvæmd samningsins. Stefán B. Sigurðsson og Eiríkur Björn Björgvinsson undirrituðu síðan samninginn.

### **4. Stefán B. Sigurðsson rektor: Stefna Háskólans á Akureyri 2012 – 2017.**

Gerði rektor því næst ítarlega grein fyrir stefnu háskólans 2012-2017 sem hafði verið í vinnslu síðast liðið eitt og hálf t ár og var samþykkt í háskólaráði 30. mars. Kom fram að aðgerðaáætlun er í vinnslu og verður hún í framhaldinu lögð fyrir háskólaráð til samþykktar. Litið hefur verið til háskóla í Evrópu í þessu samhengi, sérstaklega á Norðurlöndunum og í Skotlandi.

### **5. Samningur HA og mennta- og menningamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir 2012 – 2016, kynning**

Um er að ræða samning milli ráðuneytisins og háskólans um kennslu og rannsóknir og gildir hann frá 1. janúar 2012 til ársloka 2016. Í fyrsta sinn verður gerð aðgerðaáætlun til hliðar við samninginn (sjá lið 4). Verður hún endurskoðuð árlega bæði með fulltrúum menntamálaráðuneytis og í tengslum við rekstraráætlun HA. Gert er ráð fyrir að nemendur verði á bilinu 1.600 til 2.000 á tímabilinu. Framlög ríkisins verða skv. fjárlögum hvert ár og m.a. kom fram að einnig er tekið mið af fjölda útskrifaðra nemenda við ákvörðun fjárheimilda.

### **6. Fyrirspurnir, umræður**

Fram kom fyrirspurn frá Ágústi Þór Árnasyni um lög um háskóla og um stefnu í málefnum háskóla almennt sem hann taldi að væri nokkuð óljós. Vildi hann að rektor skrifaði í blöð og gerði annarsstaðar á opinberum vettvangi skýra grein fyrir stefnu Háskólans á Akureyri í þessum efnum. Stefán B. Sigurðsson svaraði að það væri bæði hans og annarra starfsmanna að halda sýn og stefnu háskólans á lofti. Benda mætti líka á skýrslu RANNÍS um einföldun háskólastigsins þar sem hann fyrir hönd Háskólans á Akureyri hefði brugðist við með afgerandi hætti í fjölmiðlum.

Anna Ólafsdóttir innti rektor eftir því hvort ákvæði í samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um sjálfbærni og þjónustu við samfélagið væru ný sem sérstök áhersluatriði. Stefán B. Sigurðsson sagði að þetta tengdist spurningunni um akademískt frelsi og að þessar áherslur hafi komið frá Háskólanum á Akureyri.

### **7. Önnur mál.**

Engin önnur mál komu fram.

Rektor þakkaði gestum fyrir fundarsetuna og lauk fundi kl. 15.25